

Aðalfundur í Alliance Française föstudaginn 27. febrúar 2015 kl. 17.30.

Dagskrá fundar:

- 1. Skýrsla formanns.**
- 2. Skýrsla gjaldkera.**
- 3. Kosning stjórnar, endurskoðanda og fulltrúa í stjórn STÍL og Málfríðar.**
- 4. Önnur mál.**

1. Skýrsla formanns.

Jóhanna setti fundinn og skipaði Grímu fundarstjóra og Huldu Sif ritara. Þvínæst kynnti hún skýrslu formanns fyrir árið 2014-2015 (sjá meðfylgjandi skjal). Gerðar voru nokkrar athugasemdir á meðan á lestrinum stóð og verður þeim atriðum bætt inn í skýrsluna. Skýrslan var samþykkt einróma.

2. Skýrsla gjaldkera.

Sigurbjörg G. kynnti ársreikning félagsins og var hann samþykktur einróma. Umræða skapaðist í kjölfarið um kostnað vegna komu Louis-Jean Calvet í tilefni af afmælisfögnuði félagsins vorið 2014 og einnig varð umræða um kostnað á rekstri félagsins almennt; styrki til félagsins og mismunandi kostnaðarliði sem þarf að standa straum af. Fram kom að nú sé inneign félagsins nánast engin. Rætt var um innheimtuleiðir fyrir félagsgjöldin. Niðurstaðan varð sú að núverandi leið (fólk greiðir inn á reikning félagsins) væri hagkvæmari heldur en að notast við greiðsluseðla í heimabanka sem væri óþarfa aukakostnaður. Einnig kom til umræðu að nauðsynlegt væri að taka af póstlista félagsins þá sem eru óvirkir og greiða ekki félagsgjöld.

4. Kosning stjórnar, endurskoðanda, fulltrúa í stjórn STÍL og Málfríðar.

- Stjórnarmeðlimir gáfu kost á sér til áframhaldandi setu; Jóhanna Björk sem formaður, Sigurbjörg G. sem gjaldkeri, Sigurbjörg E. sem meðstjórnandi og Hulda Sif sem ritari.

- Margrét Helga gaf áfram kost á sér sem endurskoðandi og Gríma bauð sig fram sem varaendurskoðandi.

- Eyjólfur bauð sig fram sem fulltrúi félagsins í ritstjórn Málfríðar.

- Hrefna bauð sig fram sem fulltrúi félagsins í stjórn STÍL.

Engin mótframboð voru og hlutu allir einróma kosningu.

- Petrína Rós tekur við sem formaður STÍL á aðalfundi félagsins föstudaginn 6. mars.

5. Önnur mál.

- **Félagsgjöldin:** Tillaga barst frá gjaldkera þess efnis að hækka félagsgjöldin úr 3500 kr. í 4000 kr. og var sú hækkun samþykkt.

- **Sumarnámskeið:** Fram kom að skráning á sumarnámskeiðið í júní muni fara fram í apríl.

- **Frönskukeppnin:** Fram kom að efni keppninnar að þessu sinni „la diversité“ hafi nemendum þótt torskilið og skiptust fundarmenn í kjölfarið á hugmyndum um hvernig hægt væri að fjalla um þetta efni. Sigurbjörg G. kynnti þær aðferðir sem hún hefur notað til að vinna að ljóða-og textagerð með nemendum og Margrét Helga og Solveig kynntu hvernig þær hafa unnið með nemendum til að vekja áhuga þeirra (ljóð og slamm). Nokkur umræða skapaðist einnig um hverjir eiga rétt á að taka þátt í keppninni út frá fjölskyldutengslum/lengd dvalar í Frakklandi.

Fleira var ekki rætt og fundi var slitið kl. 18.30.